

Hanna Kristín Þorgrímsdóttir

# Veiðiferðin



NÁMSGAGNASTOFNUN

2013


# Veiðiferðin

Veiðiferðin 1–5 er æfingaefni í lestri fyrir byrjendur og fjallar um krakka sem fara í veiðiferði inn á Arnarvatnsheiði. Um er að ræða sögu sem gert er ráð fyrir að lesin sé fyrir börnin og léttan texta í fimm heftum sem þau lesa sjálf.

Markmiðið er að börnin þjálfist í að hlusta og upplifa söguefnið um leið og tækifæri gefst til að styrkja orðaforða þeirra og málkennd sem er undirstaða lestrarskilnings. Upplastrinum er þannig ætlað að skapa undirstöðu sem auðveldar börnunum lestur lestextans. Æskilegt er einnig að börnin venjist á að hlusta á sögur án þess að alltaf fylgi mynd og sjái fyrir sér söguviðið á sinn hátt.

Sögunni, sem hér má finna í heild, er skipt í fimm kafla sem birtast aftast í lesheftunum. Kennari getur valið um að lesa alla söguna fyrir börnin í upphafi til að þau fái heildarmynd af sögupræðinum eða lesa kafla þess heftis sem barnið á að lesa hverju sinni. Í sögunni koma fyrir ýmis orð og hugtök sem eru mörgum börnum framandi og nauðsynlegt að útskýra.

Mikilvægt er að börnin heyri söguna og skilji efni hennar áður en þau takast á við að æfa sig að lesa litlu heftin sjálf.





# Veiðiferðin

1

Sólin sendi lítinn, kátan geisla í andlitið á Einari. Hann rumskaði og mundi að í dag átti hann að fara inn á Arnarvatnsheiði í veiðiferð. Vera systir hans og vinir þeirra, þau Fúsi og Auður, sváfu enn vært. Einar var 9 ára, Vera 4 ára, Auður 10 ára og Fúsi 6 ára.

Einar læddist fram með tæknilegóið. Hann átti mótör og efni í kappakstursbíl sem hann ætlaði að smíða fjórhjól úr. Allt í einu voru allir vaknaðir. Einar tók saman í flýti því nú kom Gosi og vildi leika sér með tannhjól og öxla. Týri gelti og vildi komast út.

Eftir morgunmatinn átti að leggja af stað. Fjallabílarinn, Blámi og Reykur, voru ferðbúnir fyrir utan. Krakkarnir áttu að sitja í Bláma en sætin voru tekin úr Reyk í gær og farangurinn settur í hann.

„Nú er allt klárt“, kallaði pabbi. Hann lyfti Fúsa upp í Bláma en Vera vildi enga hjálp. Einar og Auður klifruðu upp í bílinn meðan pabbi samdi við Veru. Hann lyfti henni upp í neðsta þrepið og svo prílaði hún sjálf. Mamma festi gúmmibátinn betur á toppinn á Reyk og lyfti Týra upp í framsætið. Því næst var ekið af stað.

Krakkarnir sungu og sögðu brandara og áður en þau vissu af voru þau komin í Húsafell. „Hér kaupum við veiðileyfi“, sagði pabbi. „Þið megið skoða ykkur um á meðan.“ Krakkarnir hlupu af stað. Allt í einu var Fúsi horfinn. Einar varð kvíðinn, hvað ef Fúsi týndist? „Fúsi finnur alltaf eitthvað skemmtilegt að gera“, sagði Auður áhyggjulaus. Þau heyrðu hlátrasköll og gengu á hljóðið. Það barst frá hoppdýnu sem hópur af krökkum ólmaðist á, þar á meðal Fúsi sem ljómaði af gleði. Stelpurnar slógust í hoppþópinn en Einar lagðist í grasið og horfði á flugvél fljúga yfir. Hann skildi ekki hvernig svona stórar vélar gætu flogið. Seinna myndi hann skilja það því hann ætlaði að læra flugvélasmiði þegar hann yrði stór.

„Einar! Er þig að dreyma?“ Auður var hætt að hoppa. Þau kölluðu á Fúsa og Veru. Vera vildi fara tvo kollhnísa í viðbót áður en þau færu til baka.

Enn var lagt af stað. Nú var vegurinn mjór og ósléttur og Einar varð smeykur þegar þau óku niður bratta brekku. Langt fyrir neðan rann stór á. „Sjáiði hvað það er hátt niður“, kallaði Auður hrifin. „Þetta er fínn staður!“ „Fínn staður, góður maður“, sönglaði Fúsi. „Nei, góður vegur, rosalegur“, sagði Vera sem vildi líka ríma. Þau skellihlógu og sungu þetta aftur og aftur.

Eftir nokkra stund var aftur stoppað. „Nú skulum við ganga út í hraunið og borða nestið okkar við Surtshelli“, sagði pabbi. „Fylgið merktu stígnum því það leynast djúpar gjótur undir mosanum sem þið getið dottið ofan í.“ Krakkarnir urðu spenntir. „Er hellirinn stór?“ spurði Vera. „Við skulum gá“, sagði mamma og gekk af stað. Börnin komu í halarófu á eftir og aftastur gekk pabbi með Týra í bandi.



3

# Veiðiferðin 2

Eftir stutta göngu komu þau að holu í hrauninu sem opnaðist í tvo risastóra hella. „Petta eru engir smá hellar!“ hrópaði Auður. „Petta er allt sami hellirinn,“ sagði mamma, „hér hefur loftið í honum bara hrunið.“ „Hvar komumst við niður?“ spurði Fúsi spenntur. „Við förum ekki niður núna,“ sagði pabbi. „Surtshellir er meira en 1000 metra langur og það tekur langan tíma að skoða hann.“

„Ég heyri mu,“ sagði Vera. „Á skessan sem tók Búkollu heima þarna?“ „Nei, sagði pabbi, „en einu sinni hélt fólk að jötunninn Surtur byggði í hellinum.“

Veðrið var yndislegt og lyngið ilmaði. Nestið var tekið upp og allir fengu samloku og eplasafa. Einar heyrði mannamál úr hellinum en sá engan. Týri spertti eyrun, forvitinn.

Vera var orðin þreytt og hallaði höfðinu að pabba. Hún hafði ekki lyst á nestinu. Mamma rétti Veru þá ávaxtamauk. Einar fann hvað honum þótti vænt um litlu systur. Hún hafði verið mikið veik og legið á sjúkrahúsi. Nú var henni batnað en lyfin sem læknuðu hana höfðu losað allt hárið af höfði hennar. Hárið var farið að vaxa aftur og bráðum myndu fallegu svörtu krullurnar þyrlast um kollinn á henni eins og áður.

„Skyldi einhver hafa búið í hellinum í alvöru?“ spurði Auður. „Áreiðanlega,“ svaraði mamma. „Fremst í honum liggja göng að þremur minni hellum. Í þeim sést að þar hafa menn búið, einn þeirra var Fjalla-Eyvindur. Svo er til gömul saga um menn sem voru kallaðir Hellismenn og bjuggu hér í nokkur ár. Þeir rændu kindum frá bændum. Bændurnir reiddust, söfnuðu liði og réðust á Hellismenn. Það varð mikill bardagi og allir Hellismenn náðust, nema einn sem hét Eiríkur. Hann var fimur og hraustur og forðaði sér á handahlaupum upp á jökul. Einn bændanna hjó annan fótinn af Eiríki. Hann slapp samt frá þeim.“

„Voru þeir með alvöru sverð og axir?“ spurði Fúsi spenntur. „Getum við ekki leitað að vopnum í hellinum, bara smá stund?“ „Nei, Fúsi minn,“ sagði mamma, „við skoðum hellinn seinna. Þá verðum við með ljós og getum skoðað tjörnina og íshellinn sem er innst.“

„Mig langar svo að sofa í hellinum, kannski eru draugar þar, úúú,“ sagði Auður og baðaði út höndunum. Um leið glefsaði Týri eldsnöggt í samlokuna hennar og gleypti hana í einum bita. „Týri, þjófurinn þinn!“ hrópaði Auður. Allir skelltu upp úr og Fúsi hló svo mikið að hann valt um koll í mjúkan mosann. Týri horfði hissa á þau og sleikti út um.

„Nú höldum við áfram,“ sagði pabbi. „Þegar við komum yfir Norðlingafljót fáid þið tíma til að leika ykkur.“

Allir tóku saman og gengu að bílunum. Svo siluðust Reykur og Blámi af stað.



# Veiðiferðin

3

Bíllinn hossaðist hægt eftir hlykkjóttum slóðanum og loks komu þau að Norðlingafljóti. „Hvar er brúin?“ spurði Einar. „Það er engin brú, við keyrum yfir ána hér á vaðinu,“ svaraði pabbi. „Er áin djúp?“ spurði Auður. „Það er óvenju mikið í henni núna, það hefur rignt svo mikið í sumar,“ svaraði pabbi. Mamma og pabbi skoðuðu aðstæður og svo ók mamma út í. Allt gekk vel og þegar Reykur var kominn upp á hinn bakkann ók pabbi Bláma hægt og gætilega út í fljótið. Árbotninn var grýttur og bíllinn ruggaði. „Hjálp!“ hrópaði Fúsi hræddur, „það kemur vatn inn í bílinn!“ Krakkarnir sáu vatnið seytla með hurðinni inn á gólfið. Einar tók utan um Veru en Auður horfði spennt út um gluggann. „Kannski við þurfum að fara upp á þak, svo kemur þyrla og bjargar okkur og við komumst í sjónvarpið,“ sagði hún. „Verið alveg róleg,“ sagði pabbi. „Áin er vel fær og við erum á góðum bíl.“ Svo hossaðist Blámi upp bakkann og þau voru komin yfir.

Mikið var gott að komast út. Týri skokkaði út í ána og lapti í ákafa. Krakkarnir hlupu um en mamma og pabbi lögðust í grasið. Sólin glampaði á stórt hvítt fjall skammt frá. „Er snjór á fjallinu?“ spurði Einar. „Þetta er Eiríksjökull og þar er alltaf snjór. Þangað hljóp Eiríkur,“ sagði mamma. Vera horfði á jökulinn. „Ég sé hvar hann fór,“ kallaði hún, „ég sé fótspor!“

„Komum í eltingaleik, ég er hann!“ sagði Auður og hljóp af stað. Týri flæktist fyrir fótunum á henni svo hún datt en meiddi sig ekki neitt. „Uss,“ hvíslaði Einar og benti á lítinn fugl sem hljóp frá þeim og dró annan vænginn með jörðinni. „Æ, hann er vængbrotinn, við verðum að hjálpa honum,“ hvíslaði Fúsi. Nú tók Týri eftir fuglinum. „Nei, Týri,“ sagði Einar byrstur og greip í ólina hans. Hann tjóðraði Týra við stuðarann á Reyk og sagði mömmu og pabba frá fuglinum. Þau skoðuðu hann. „Þetta er lítil lóa,“ sagði pabbi. „Hún er ekki vængbrotin heldur á hún hreiður hér í mounum og er að reyna lokka okkur frá því. Komum nú svo lóan geti farið í hreiðrið aftur.“

Vera læddist á tánum til að hræða ekki lóuna. Allt í einu snarstansaði hún. Við fætuna á henni lágu fjögur módröfnótt egg, næstum samlit mosanum. „Einar, sjáðu,“ hvíslaði Vera. Allir komu að sjá. „Þetta eru lóuegg,“ sagði pabbi. „En hvað þau eru agnarlítill,“ sagði Auður. „Já, og inni í þeim eru pínulitlir ungar. Við skulum ekki snerta eggin, það vill lóan ekki,“ sagði pabbi. „Þetta er hennar heimili og við erum gestir hjá henni. En komum nú, Úlfsvatn bíður.“



5

# Veiðiferðin

4



Loksins renndu þau heim að litlum kofa við fallet vatn. Krakkarnir drifu sig út. Týri hoppaði af kæti meðan pabbi opnaði húsið. Inni í því voru kojur, borð og gastæki til að elda á. „Hvar er klósettið?“ spurði Auður. „Það er kamar þarna bak við húsið,“ sagði pabbi. „Kamar! Hvað er nú það?“ Vera og Fúsi þutu af stað til að skoða kamarinn. „Ég sæki vatn,“ sagði mamma. „Þarf að sækja vatn?“ spurði Auður. „Já!“ sagði pabbi. „Nú erum við í óbyggðum og hér er ekkert rennandi vatn. En hjálpið mér nú að bera dótið inn, við skulum koma okkur fyrir áður en við förum að veiða.“

Lítill skógarpröstur flögraði kring um þau á meðan þau báru dótið inn. Hann reyndi að slá pabba með vængnum. „Hættu þessu, litli vargur,“ sagði pabbi hlæjandi. Prösturinn settist á toppinn á Bláma og steypiti sér svo niður að pabba. „Hvað er um að vera?“ hrópaði pabbi. Hann steig upp í Bláma og kíkti undir toppgrindina. Prösturinn skammaðist og goggaði í höfuðið á pabba. „Ja hérna!“ sagði pabbi og nuddaði höfuðið. „Það er hreiðurkarfa undir toppgrindinni á bílnum, skorðuð á milli röra. Vonandi hefur ekkert skemmst í hreiðrinu á leiðinni. Blámi hefur ekkert verið notaður síðan í fyrra, þess vegna hefur þróstunum fundist staðurinn öruggur.“ „Má ég sjá hreiðrið,“ sagði Vera. „Fuglinn goggar bara í þig,“ sagði pabbi. „Ég set á mig húfu,“ sagði Vera. Hún skelltí þremur húfum á höfuðið og pabbi lyfti henni upp. Hún kíkti undir grindina. „Það er eins og lítill karfa, bjó þrósturinn hana til?“ „Já, þrastahjónin byggja hreiðrið saman. Nú hafa þau farið í óvænt ferðalag,“ sagði pabbi. „Við skulum bara leyfa því að vera.“

„Eigum við ekki að renna fyrir silung?“ spyr mamma. Allir tóku undir það. Báturinn var tekinn niður og veiðidótið sótt, veiðistangir, önglar, flotholt, sökkur, maðkabox og spúnar. Einar hjálpaði Veru. Hann tók ánamaðk úr boxinu og byrjaði að festa hann á öngulinn. „Hættu! Þú meiðir hann!“ æpti Vera öskureið. „Þá notar þú bara spún,“ sagði Einar og leyfði henni að velja fallegan spún. Svo kenndi hann henni að kasta og draga inn. En þá vildi hún ekki meiri hjálp og Einar settist niður. Hér var gott að vera.

Allt í einu hrópaði Auður: „Það er togað í! Hvað á ég að gera!“ Hún hoppaði af æsingi. Pabbi hjálpaði henni að landa fiskinum. „Fínasta bleikja í kvöldmatinn,“ sagði hann kátur. Stuttu seinna fékk hann fisk og svo mamma. Fúsi fór að leika við Týra og Vera skottaðist með þeim.

Degi var tekið að halla og kominn tími til að borða og búa um sig í kofanum. Mamma sauð silunginn meðan hinir bjuggu um rúmin. Svo borðuðu þau öll silunginn með bestu lyst.

Vera og Fúsi voru orðin þreytt og fóru strax að sofa södd og sæl. Einar og Auður spiluðu Ólsen, Ólsen góða stund en pabbi og mamma reru út á vatnið og veiddu í friðsælli nóttinni.



6

# Veiðiferðin

5

Vera vaknaði fyrst af öllum. „Ég þarf að pissa,“ sagði hún og ýtti við Einari sem klæddi sig og fór með henni út. Týri skokkaði með. Vera var með prik sem hún veifaði vígalega kring um sig. „Ég er viðbúin ef úlfurinn kemur,“ sagði hún drjúg. „Hvaða úlfur?“ spurði Einar. „Nú úlfurinn í vatninu,“ svaraði Vera. „Ha?“ sagði Einar. „Einar, þetta er Úlfavatn,“ sagði Vera. „Það er enginn úlfur í vatninu, Vera mín,“ sagði Einar.

Skyndilega fór Týri að gelta. Þau sáu að hann þaut á eftir litlu dýri sem skaust ofan í vatnið. „Úlfur, úlfur,“ kallaði Vera og þaut inn í kofann. Allir vöknudu við lætin. „Týri rak úlfinn í vatnið,“ kallaði hún æst. Einar sagði frá því sem þau sáu og mamma útskýrði að það væru engir úlfar á Íslandi. Þetta hlyti að hafa verið minkur. „Af hverju heitir vatnið þá Úlfavatn?“ spurði Vera. „Vatnið heitir Úlfsvatn, örugglega eftir manni sem hét Úlfur,“ útskýrði pabbi.

Vera fór út að leika við Týra meðan hin borðuðu morgunmatinn. Svo var farið niður að vatni. Þegar Auður ætlaði að fara að beita hrópaði hún: „Klár-uðuð þið maðkana?“ Allir hlupu til hennar, nema Vera sem var að klappa Týra. „Vera! Veist þú um maðkana?“ kallaði pabbi. „Þeir vildu fara, þeim finnst ekki gaman að veiða,“ sagði Vera. „Heyrðu nú ...!“ sagði pabbi. „Við notum bara spún,“ sagði Vera og brosti blítt. Mamma hló datt. „Krakkar, viljið þið róa með mér út á vatnið,“ sagði hún svo. Hvort þau vildu! Þau fóru öll í björgunarvesti nema pabbi sem sagðist ætla að ganga niður með vatninu og veiða þar.

Auður og Einar reru af kappi en báturinn snerist bara í hringi. „Reynið að vera samtaka,“ sagði mamma. Eftir nokkrar tilraunir gekk allt betur og þeim tókst að róa í takt. Fúsi og Vera vildu líka fá að róa. „Þetta gekk ljómandi vel,“ sagði mamma ánægð.

Eftir róðrartúrinn lögðu þau bátinum að bakkanum. Mamma, Auður, Vera og Fúsi fóru að veiða en Einar vildi fylgjast með fuglum á vatninu. Allt í einu hrópaði Fúsi: „Fiskur, fiskur!“ Svo datt hann út í vatnið. „Dragðu inn,“ kallaði Auður. Mamma óð út í og hjálpaði Fúsa á fætur. Fúsi hélt í stöngina en hafði mist takið á veiðihjólinu. Mamma greip stöngina og dró inn línuna. „Hann er á enn þá,“ sagði hún og rétti Fúsa stöngina. Fúsi landaði fínnum silungi, holdvotur en alsæll með aflann. „Jæja, krakkar,“ sagði mamma. „Nú er kominn tími til að fá sér að borða og ganga frá. Það er komið fram á miðjan dag og við þurfum að leggja af stað heim.“

Pabbi kom nú úr sinni ferð. Hann hafði veitt tvo fiska og var hinn ánægðasti. „Við komum heim með nokkra fiska í soðið þótt beitan hafi tapast,“ sagði pabbi. Mamma hló. „Þetta er frábær veiðiferð,“ sagði hún, „það er mikilvægast að njóta ferðarinnar saman. Við komum aftur seinna og veiðum meira.“ „Já,“ sagði Einar og tók utan um Veru. „Við komum örugglega aftur seinna.“

